

## 6.8. Forvarnarstefna

Forvarnarstefna Grunnskóla Hornafjarðar byggir á Aðalnámskrá grunnskóla en þar segir að vinna skuli að forvörnum og heilsuefningu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Í skólanum er starfandi teymi sem kallast Heilbrigð og velferð (HOV) og heldur það utan um forvarnavinnu innan skólans og kemur hún inn í flesta þætti skólastarfsins. HOV samanstendur af þremur grundvallar þáttum í skólanum en það eru heilsueflandi skóli, uppeldi til ábyrgðar og skóli á grænni grein.

Tilgangur uppeldis til ábyrgðar sem er uppeldisstefna skólans er meðal annars að ýta undir sjálfsaga og þá tilfinningu að hver og einn beri ábyrgð á eigin líðan og hegðun, viðurkenni og fyrirgefi sjálfum sér og öðru mistök og læri að leiðrétta þau á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þá er lögð rík áhersla á virðingu gagnvart ólíkum einstaklingum og að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum. Í *Heilsueflandi grunnskóla* er lögð sérstök áhersla á heilbrigðan lífsstíl og hugað sérstaklega vel að andlegri og líkamlegri líðan nemenda og starfsfólks. Í verkefninu skóli á grænni grein er hugað að þeim þáttum sem falla undir sjálfbærni en það eru báðir ofangreindir þættir auk margs, margs annars.

Allir þessir þrjú þætti eiga meira sameiginlegt en skilur þá að og því er reynt að flétta vinnuna sem mest saman svo hún verði bæði merkingarbærari og áþreifynlegri hjá nemendum. Þannig er t.d. fjallað um mikilvægi hreyfingar í íþróttum vegna góðra áhrifa á líkama og sál á sama tíma og umhverfisteymi tengir hreyfingu virkum ferðamáta til að draga úr mengun og uppeldi til ábyrgðar tengir það því að vera manneskjan sem þú vilt vera.

Einn veigamesti þáttur í forvarnavinnu skólans er fræðsla og samvinna við foreldra. Lögð er sérstök áhersla á að koma hverskonar fræðslu til foreldra og margskonar leiðir notaðar til þess. Þær helstu eru föstudagspóstar og fréttabréf en einnig foreldrafundir og í raun hver sú leið sem talin er virka best hverju sinni.

### **Markmið með forvörnum er að:**

- stuðla að öflugum foreldrasamstarfi
- stuðla að heilbrigðum lífsháttum
- stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn
- styrkja félagsfærni
- efla og styrkja nemendur í eigin námi á þeirra forsendum
- efla virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu sínu.

### **Leiðir að markmiðum:**

- Fræðsla til foreldra/forráðamanna þar sem meðal annars er lögð áhersla á geðrækt (tilfinningaleg heilsa og vellíðan), útivistartíma, ábyrga tölvunotkun, hegðun, viðhorf, hollustu og heilbrigði, tóbaks- og vímuefnavarnir og fordóma.
- Stuðla og hvetja til eftirlits og eftirfylgni foreldra/forráðamanna varðandi skólagöngu og heimanám.
- Hvetja til heilsuræktar, geðræktar og jákvæðs lífsstíls meðal nemenda.
- Fræðsla til starfsfólks skólans.
- Fræðsla til nemenda skólans samkvæmt forvarnaráætlun skólans.
- Starfsfólk grunnskólans sameinast um að vinna eftir forvarnaráætlun sem sett hefur verið upp.